

Fimmtugasti og þriðji fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis verður haldinn 19. maí 2020 á skrifstofu Heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Pverholti 2 í Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Arna Hagalínsdóttir. Árni Davíðsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Aðkeypt lögfræðiþjónusta.

Lagt fram til kynningar.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis samþykkir að formaður leiti eftir lögfræðiþjónustu er snúa að starfsemi heilbrigðiseftirlitsins vegna fjarveru framkvæmdastjóra. Formaður skuli gæta þess að lögfræðikostnaður rúmist innan heildarfjárhagsáætlunar.

2. Starfsmannamál - Trúnaðarmál.

Fyrir liggur afgreiðsla tveggja sveitarfélaga af þremur.

Málinu frestað.

3. Umsögn nefndarinnar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, samkvæmt beiðni.

Óskað var eftir álit Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis á beiðni um breytingu á eftirlitssvæðum frá Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ. Óskað var eftir að álit nefndarinnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 20. maí nk.

Umsagnir nefndarmanna verða sendar UAR.

4. Leirvogstungumelar.

Ábendingar hafa komið um slæma umgengni Vöku á Leirvogstungumelum og hefur eftirlit leitt í ljós að það á við rök að styðjast.

Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðiseftirlitinu að setja málið í forgang.

5. Asbest í Varmárskóla.

Lögð er fram skýrsla og minnisblað um asbest í Varmárskóla.

Meirihluti nefndarinnar samþykkir eftirfarandi bókun:

Heilbrigðiseftirliti er falið að afla gagna frá Mosfellsbæ varðandi asbest í húsnæði Varmárskóla og skila minnisblaði á næsta fundi nefndarinnar.

Greinargerð með tillögu:

Í því minnisblaði skal eftirfarandi koma fram: 1. Listi yfir förgun á asbesti úr Varmárskóla sem byggir á gögnum frá Vinnueftirlitinu frá því að skólinn var reistur (þ.e. allar byggingar sem tilheyra skólanum). 2. Sundurliðun á þeim úrræðum sem Mosfellsbær ætlar að ráðast í. 3. Upplýsingar /teikningar/kort) yfir allt það asbest sem finna má í skólanum hvar sem það kann að finnast hvort heldur sem það hafi verið byrgt með klæðningu eða ekki.

Fulltrúi D lista Mosfellsbæjar situr hjá og leggur fram eftirfarandi bókun:

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Samkvæmt 15. gr., sbr. 46. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal fundarboð berast nefndarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund og því skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til að nefndarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Fulltrúi D lista Mosfellsbæ tekur undir niðurstöður úttektar Skimu um að næstu skref í málinu verði þau að sækjast eftir leyfi frá vinnueftirlitinu og Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis til að hefja vinnu við að fjarlægja umrætt efni með verktökum sem uppfylla skilyrði Vinnueftirlitsins.

Fulltrúi M lista í Mosfellsbæ leggur fram eftirfarandi bókun:

Þar sem framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins er í veikindaleyfi gafst stuttur tími til að undirbúa fundinn. Skila þurfti álitni til UAR og lá því á að halda fundinn.

6. Staða Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Líklega þarf að ráða tímabundna starfsmenn/starfsmann til að sinna reglubundnu eftirliti til að uppfylla eftirlitsáætlun.

Málið kynnt.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 20:45